

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að ákvarða og innheimta gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 16. gr. samþykktar nr. 1033/2023 um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að innheimt verði árgjald fyrir hvert ílát á heimili í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

Gjöld vegna sorpiláta	Ílát sem eru ≤ 10 m frá hirðubíl	Ílát sem eru > 10 m frá hirðubíl*
<i>Sorpilát með innra hólfi</i>		
Blandaður úrgangur með innra hólfi fyrir lífrænan úrgang, 240 l	25.700 kr.	38.550 kr.
Pappír með innra hólfi fyrir plast, 240 l	17.100 kr.	26.650 kr.
<i>Sorpilát fyrir blandaðan úrgang</i>		
Blandaður úrgangur, 120 l	23.400 kr.	35.100 kr.
Blandaður úrgangur, 240 l	33.500 kr.	50.250 kr.
Blandaður úrgangur, 660 l	92.000 kr.	138.000 kr.
Blandaður úrgangur, 1.100 l	153.200 kr.	229.800 kr.
<i>Sorpilát fyrir lífúrgang</i>		
Lífúrgangur, 120 l	12.900 kr.	19.350 kr.
Lífúrgangur, 240 l	25.700 kr.	38.550 kr.
<i>Sorpilát fyrir pappír</i>		
Pappír, 120 l	12.000 kr.	18.000 kr.
Pappír, 240 l	17.100 kr.	25.650 kr.
Pappír, 660 l	47.200 kr.	70.800 kr.
Pappír, 1.100 l	78.600 kr.	117.900 kr.
<i>Sorpilát fyrir plast</i>		
Plast, 120 l	12.000 kr.	18.000 kr.
Plast, 240 l	17.100 kr.	25.650 kr.
<i>*Innheimt frá 1. september 2024</i>		
Önnur gjöld		
Kostnaður vegna breytinga á ílátum	4.000 kr.	
Endurnýjunargjald tunnu 240 l með flutningi á staðfang	Samkvæmt gjaldskrá verktaka	
Auka hirðing	7.300 kr.	

Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að fast gjald fyrir rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annan fastan kostnað verði 36.200 kr. fyrir heimili og 18.100 kr. fyrir sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c) Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur	40 kr./kg
Timbur	50 kr./kg

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 16. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1483/2022.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 7. desember 2023.

Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 22. desember 2023